

SAMNINGUR

UM ÞRÓUN, UMSJÓN OG RÁÐSTÖFUN EIGNA Á ÞRÓUNARSVÆÐI VIÐ KEFLAVÍKURFLUGVÖLL.

1. Inngangur.

Í kjölfar brottflutnings varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli ákvað íslenska ríkið að stofna einkahlutafélag í sinni eigu, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sem ætlað er að leiða þróun og umbreytingu á svæðinu.

Tilgangurinn með stofnun félagsins var sú að koma nýjum fasteignum í eigu ríkisins á svæðinu sem fyrst í skipuleg hagfelld borgaraleg not með það að markmiði að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki.

Jafnframt var gert ráð fyrir að félagið gæti á grundvelli þjónustusamnings við ríkið tekið að sér rekstur, umsjón og umsýslu nánar tiltekinna eigna ríkisins á svæðinu, þ.m.t. sölu, útleigu, og niðurrif eigna svo og hreinsun svæða.

Þjónustusamningur þessi skilgreinir þau verkefni sem félaginu eru falin og þá þjónustu sem því ber að veita ríkinu gegn því endurgjaldi sem mælt er fyrir um í samningnum.

2. Aðilar samnings.

Aðilar samnings þessa eru eftirfarandi:

Fjármálaráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, í samningi þessum nefnt verkkaupi.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., kt. 701006-0970, 235 Keflavíkurflugvelli, í samningi þessum nefnt verksali eða „félagið“.

3. Gildissvið samnings, afmörkun svæða og eigna.

Samningur þessi tekur til þeirrar starfsemi sem verksali þarf að inna af hendi í þágu verkkaupa til að ná fram þeim markmiðum sem talin eru upp í 4. gr. samnings þessa.

Samningur þessi tekur til umsýslu lands og eigna á svæða merkt C. á fylgiskjali nr. 1 sem er afmörkun á varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll.

Í fylgiskjali nr. 2 sem merkt er sem „Keflavíkurflugvöllur - Mannvirkjalisti-, dags. 23. október 2006, er að finna lista yfir þær fasteignir sem samningur þessi tekur til og verða í umsýslu verksala. Umræddar eignir eru grænmerktar. Eignir sem eru gulmerktar og rauðmerktar eru ekki hluti af samningi þessum þar til annað verður ákveðið. Eignir nr. 796, 794, 815, 818, 819, 827, 829, 832, 860, 1202, 1622, 1632, 1636, 1638, 1708,

1705, 1707, 1711, 1709, eru ætlaðar til reksturs flugvallarins og eru undanskildar samningi þessum.

4. Markmið samningsins og helstu verkefni.

Helstu verkefni og markmið samningsins eru eftirfarandi:

Að leiða fyrir hönd verkkaupa þróun og skipulag þeirra svæða á Keflavíkflugvelli sem samningurinn tekur til, að teknu tilliti laga og reglna sem gilda um viðkomandi svæði, með það að markmiði að fasteignir á svæðinu og svæðið sjálft komist hið fyrsta í arðbær borgaraleg not þannig að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki.

Að sjá um nauðsynleg samskipti og ákvarðanatöku gagnvart sveitarstjórnnum og öðrum stjórnvöldum vegna eigna sem samningur þessi fjallar um og vinna með þeim að því að fella hlutaðeigandi fasteignir og landsvæði sem fyrst undir almennar reglur íslenskra laga og stjórnsýslu.

Að annast rannsóknir á umfangi jarðvegsmengunar á þróunarsvæðinu og annast að því búnu nauðsynlega hreinsun á því.

Að sjá um rekstur, umsýslu, umsjón og eftirlit með öllum eignum ríkisins á því svæði sem samningur þessi tekur til og ekki eru sérstaklega undanskildar.

Að ráðstafa þeim eignum sem félagið hefur umsjón með á svæðinu með sölu, leigu eða eftir atvikum niðurrifi í samræmi við ástand þeirra og því framtíðarskipulagi sem ákveðið verður.

Að ljúka þróunarstarfi, hreinsun og eignasölu á sem stystum tíma, þó þannig að það samrýmist markmiðum um hagkvæma nýtingu eigna. Jafnframt verði neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið haldið í lágmarki, auk og ráðstöfun eigna verði með eins hagkvæmum hætti og unnt er fyrir eiganda eignanna.

Að ávallt verði gætt málefnalegra sjónarmiða við alla umsýslu og ráðstöfun þeirra eigna ríkisins sem félagið hefur með höndum með heildarhagsmunum eiganda og samfélags að leiðarljósi.

Að gæði þjónustunnar samkvæmt samningi þessum verði tryggð.

5. Þjónusta verksala.

Þjónusta verksala samkvæmt samningi þessum skiptist í þrjá meginþætti:

5.1. Þróun og umbreyting svæðis

Verksali tekur að sér með samningi þessum að sjá um þróun og umbreytingu svæðisins eins og það er skilgreint í fylgiskjali nr. 1. Í því felst eftirfarandi:

- **Heildarúttekt svæðis**

Gera úttekt á mögulegri nýtingu og þróun svæðis og greina styrkleika þess til uppbyggingar á atvinnustarfsemi og þróun íbúabyggingar.

- **Nýtingu svæðis**
Á grundvelli úttektar á svæðinu leiðir verksali vinnu við mótun tillagna um nýtingu lands og eigna, á svæði C, í samstarfi við stjórnvöld, hlutaðeigandi sveitarstjórnir, yfirvöld flugmála á Keflavíkurflugvelli, eigendur fasteigna á svæðinu og aðra þá aðila sem verksali telur eiga hagsmuna að gæta. Í þeim tillögum skal miðað við að framtíðarstarfsemi og uppbygging þróunarsvæðisins falli að og efla atvinnumöguleika og búsetuþróun á Suðurnesjum jafnt sem á þróunarsvæðinu sjálfu. Verksali skal leiða úttekt á svæði C og A á því hvað gera má til að bæta samkeppnishæfni alþjóðaflugvallarins í Keflavík í samráði við hagsmunaaðila og skila skýrslu um niðurstöður sínar til forsætis- og utanríkisráðherra.
- **Skipulagsmál**
Verksali skal leiða skipulagsvinnu á svæði C sem miðar að nýjum tillögum að skipulagi á svæðinu, í ljósi breyttra aðstæðna, í samstarfi við hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og að gættum gildandi reglum um gerð aðal- og deiliskipulags.
- **Umbreyting þróunarsvæðis**
Verksali skal gera sérstaka athugun á því hvað annað þarf að gera en áður er talið til að tryggja að svæðið og fasteignir geti fallið undir almennan íslenskan lagaramma án árekstra þegar tekin verður ákvörðun um af þar til bærum yfirvöldum að yfirstjórn mála á svæðinu hverfi frá utanríkisráðuneytinu til annarra stjórnvalda.
- **Markaðssetning þróunarsvæðis**
Verksali skal vinna að markaðssetningu svæðisins og einstakra eigna á því.

5.2. Skráning eigna, ástandsmat eigna og áætlanir

Verksali tekur að sér að sjá um nauðsynlega skráningu og mat á þeim eignum sem hann fer með umsýslu og umsjón á ásamt áætlanagerð í tengslum við það. Í því felst m.a. eftirfarandi:

- **Fasteignaskrár**
Í tengslum við umbreytingu svæðisins fyrir hina hefðbundnu stjórnarsýslu skal félagið í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og önnur stjórnvöld sjá um að skrá umrædd lönd og fasteignir í fasteigna- og þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna eins fljótt og unnt er. Í því felst einnig skráning og afmörkun einstakra eignarhluta eða matshluta verði slíkt nauðsynlegt þegar kemur að sölu þeirra á markaði.
- **Ástandsmat eigna og mannvirkja**
Verksali skal eins fljótt og unnt er vinna vandaða ástandsgreiningu þeirra fasteigna og mannvirkja sem hann hefur umsýslu með. Meta skal almennt ástand eigna, viðhaldsþörf þeirra, hvort eign uppfylli íslenska staðla eða kröfur, hvort ástand eignar sé þess eðlis að hana beri að rífa og annað sem nauðsynlegt er fyrir verksala að vita í tengslum við ráðstöfun eignanna.
- **Úttekt á mengun**
Verksali skal í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld vinna að úttektar á hugsanlegri mengun á þróunarsvæðinu og gerð framkvæmda-, tíma-,

og kostnaðaráætlana um nauðsynlega hreinsun svæðisins. Verksali skal á grundvelli samþykktra áætlana sjá um hreinsun svæðisins.

- **Áætlanir um ráðstöfun eigna á þróunarsvæðinu.**
Á grundvelli tillagna um skipulag svæðisins og úttektar á ástandi eigna skal verksali vinna áætlanir um ráðstöfun eigna á þróunarsvæðinu með sölu eða leigu. Í því felst m.a. að vinna tímaáætlanir þar sem eignum er forgangsraðað til sölu eða leigu.
- **Hönnunargögn og gagnabankar**
Verksali skal sjá um og halda við teikningum, hönnunargögnum, handbókum og gagnabönkum yfir fasteignir, lagnir, kerfi og búnað sem til eru um svæðið.

5.3. Umsjón og umsýsla fasteigna, mannvirkja og landsvæða

Verksali tekur að sér umsjón og umsýslu á fasteignum, mannvirkjum og landsvæðum sem mælt er fyrir um í samningi þessum. Í því felst eftirfarandi:

- **Rekstur og viðhald svæðisins, búnaðar og kerfa**
Verksali sér um og ber ábyrgð á hnökralausum rekstri svæðisins og þess búnaðar og kerfa sem þar eru í eigu verkkaupa, þ.á.m. veitukerfum, götum, gangstéttum, götulýsingum, girðingum og öðrum mannvirkjum ásamt þeim verkefnum öðrum sem sinna þarf á svæðinu eins og öryggisgæslu, t.d. í samvinnu við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli.

Í þessu felst jafnframt að verksali yfirtekur framkvæmd þeirra samninga, sbr. fylgiskjal nr. 3, sem gerðir hafa verið við þriðja aðila um útvistun hluta þessara verkefna og verkþátta og sér um eftirlit, fyrirvar, eftirfylgni og samskipti vegna þeirra.

- **Rekstur og viðhald einstakra fasteigna**
Verksali sér um umsjón, rekstur og viðhald fasteigna á svæðanna á grundvelli viðhalds- og tímaáætlana sem hann hefur látið vinna. Þegar fyrir liggur hvaða eignir á að rífa skal verksali gera ráðstafanir til að takmarka kostnað af slíkum eignum, t.d. með tilliti til rafmagns og hita. Skal hann þegar gera ráðstafanir til að varna því að eignir skemmist ekki s.s. vegna skorts á hita, rafmagni, eða sökum bilana hvort heldur er í veitu- eða lagnakerfum eða í ytra byrði bygginga.
- **Ráðstöfun fasteigna og landsvæða**
Verksali skal stefna að sölu þeirra eigna sem samningur þessi fjallar um eins fljótt og unnt er enda hafi skráning og skipulag hlutaðeigandi landsvæðis verið lokið og aðrir ríkari hagsmunir samkvæmt samningi þessu standi ekki í vegi fyrir sölunni. Heimilt er verksala að leigja fasteignir á þróunarsvæðinu til skamms tíma á meðan verið er að undirbúa sölu þeirra með formlegum hætti. Jafnframt er verksala heimilt að leigja tilteknar eignir til lengri tíma enda sé það hluti af því að hámarka verðmæti eignanna þegar kemur að sölu þeirra á markaði. Verksali skal þó ekki sjálfur standa fyrir uppbyggingar- eða einkaframkvæmdaverkefnum á þróunarsvæðinu.

Verksali sér um og ber ábyrgð á að auglýsa fyrirhugaða ráðstöfun eigna með opinberum hætti, sýningu eigna, mat á innkomnum tilboðum og allri skjalagerð í tengslum við söluna, þ.á.m. gerðar

eignaskiptayfirlýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg kunna að verða.

6. Samningsgreiðslur, reikningskil og fjárhagsleg atriði.

6.1. Kostnaðaráætlanir

Verksali skal fyrir hvert rekstrarár félagsins leggja fyrir verkkaupa ítarlegar kostnaðar-, tíma- og framkvæmdaáætlanir vegna allra þeirra þjónustubátta sem samningur þessi fjallar um og fram koma í 5. gr. samnings þessa.

6.2. Samningsgreiðslur

Til að hefja rekstur og undirbúning starfsemi samkvæmt samningi þessum fær verksali sérstaka þóknun á fjáráukalögum 2006 og fjárlögum 2007.

Þóknun verksala að öðru leyti felst í því að hann hirðir þær leigutekjur sem fást vegna leigðra eigna á þróunarsvæðinu auk þess sem verkkaupi greiðir honum þóknun af söluverði seldra fasteigna á svæðinu. Fyrstu 2 ár samningstímans mun þóknunin nema 100% af söluverði fasteigna. Eftir þann tíma mun þóknun til verksala verði tekin til endurskoðunar miðað við verkefnastöðu og fjárhag félagsins.

Samningsgreiðslur miðast við að verksali sjái að öllu leyti um þróun og reksturs svæðisins samkvæmt samningi þessum og beri jafnframt fulla fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sem leiða af samningi þessum hverju nafni sem nefnist, þ.m.t. á greiðslu launa og launatengdum gjöldum, lífeyrisskuldbindingum, öðrum starfstengdum kostnaði, opinberum gjöldum og sköttum auk alls annars kostnaðar.

6.3. Reikningskil og önnur fjárhagsleg atriði

Á grundvelli samþykktra áætlana félagsins fyrir næsta rekstrarár mun verkkaupi veita félaginu lán til sem tryggi greiðslugetu félagsins á árinu. Lánið verður verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs.

Aðilar líta á framangreinda lánveitingu sem bráðabirgðaaðgerð, ætlaða til að tryggja greiðslugetu félagsins og starfsemi á fyrstu mánuðum þess og að það fái staðið straum af þeim útgjöldum sem óhjákvæmilega leiða af efndum samnings þessa. Að öðru leyti er miðað við að verksali fjármagni starfsemi sína með eignasölu og leigutekjum.

Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmast þeim verkefnum sem verksali tekur að sér með samningi þessum.

Við framkvæmd samningsins skal verkkaupi haga bókhaldi sínu með þeim hætti að unnt sé að kostnaðargreina verkþætti skv. 5. gr. samningsins og að rekstraryfirlit verkkaupa í samræmi við það séu sendar verkkaupa á sex mánaða fresti.

Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum og lög um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum.

Verksali skal ótilkvaddur senda verkkaupa fyrir lok júnímánaðar ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni á árinu og hvernig hefur til tekist með þjónustuþætti samningsins.

7. Sérstök ákvæði varðandi eignaumsýslu.

7.1 Veðsetning eigna

Veðsetning eigna í umsjá verksala er óheimil án samþykkis verkkaupa.

7.2 Sala, leiga og rif fasteigna

Verksali skal árlega leggja fyrir verkkaupa til samþykktar lista yfir þær fasteignir sem ætlunin er að rífa, leigja eða selja á árinu.

Verksali skal ávallt við sölu, leigu eða aðra ráðstöfun á eignum ríkisins gæta þess að mismuna ekki aðilum og skal í því skyni tryggja að umræddar eignir verði auglýstar opinberlega til sölu eða leigu og val á viðsejendum byggist ekki á öðrum sjónarmiðum en mati á hagstæðasta tilboði.

7.3 Samningar við sveitarfélög og veitufyrirtæki

Verksala er heimilt í samráði við verkkaupa að hefja viðræður án opinberrar auglýsingar um yfirtöku eða kaup sveitarfélaga á þeim eignum í eigu verkkaupa sem almennt eru eign sveitarfélaga, eins og samfélagsbyggingum, vegum og vegamannvirkjum, veitukerfum og öðrum slíkum eignum, enda taki sveitarfélag þá yfir hlutaðeigandi þjónustu og veiti hana með sama hætti og almennt tíðkast í sveitarfélaginu og verðlagning eignanna fari fram á hlutlægan hátt. Sama gildir að breyttu breytanda um veitufyrirtæki varðandi þær eignir sem almennt eru í eigu slíkra fyrirtækja.

7.4 Ágreiningur um eignarhald

Komi upp ágreiningur við þriðja aðila um eignarhald eða yferráð tiltekinna fasteigna eða landssvæða á eða við þróunarsvæðið skal verksali leysa úr slíkum ágreiningi í samráði við verkkaupa.

8. Almennar skyldur samningsaðila.

8.1. Almennar skyldur verksala

Þróunarfélag Keflavíkurlflugvallar ehf. er að fullu í eigu ríkissjóðs og telst því vera opinber aðili í skilningi tiltekinna lagaákvæða. Verksali skal gæta þess að skyldur sem leiða af slíkum lagaákvæðum, eins og t.d. útboðsskylda laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, séu ávallt uppfylltar í

starfi félagsins. Jafnframt skal verksali fylgja þeirri stefnumörkun sem ríkið hefur á hverjum tíma um opinber innkaup og útvistun verkefna.

Verksali skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem mælt er fyrir í samningi þessum nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Verksali skal tryggja að þjónusta hans sé veitt með þeim hætti að jafnræðis, gegnsæis og sanngirnis sé gætt í samskiptum við almenning.

Verksali skal taka við nýjum verkefnum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til eða tengjast brotthvarfi varnarliðsins af svæðinu og verkkaupi óskar eftir, enda verði samið um þá þjónustu sérstaklega.

Stjórnendur félagsins skulu við framkvæmd starfa sinna í þess þágu gæta ákvæða 3. gr. og 4. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um hæfi. Skytt er stjórnarmanni og stjórnendum að upplýsa stjórn og verkkaupa um slík atvik.

8.2 Almennar skyldur verkkaupa

Verkkaupi ber ábyrgð á skilvísium greiðslum til verksala fyrir veitta þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

Verkkaupi sér um að verksali hafi á hverjum tíma ótvíræða heimild eða umboð til að þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að efna samning þennan.

9. Þagnarskylda, upplýsingarskylda og verndun upplýsinga.

9.1. Þagnarskylda

Allir starfsmenn verksala skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum, fyrirmælum eða eðli máls. Verksali skuldbindur sig til að sjá til þess að undirverktakar og starfsmenn hans séu einnig bundnir slíkri skyldu.

9.2 Upplýsingaskylda og tilkynningar

Verksali skal upplýsa verkkaupa ótilkvaddur um hvaðeina sem verksali telur mikilvægt að verkkaupi hafi upplýsingar um í rekstri félagsins og við framkvæmd samningsins eða telji hann sig af einhverjum ástæðum ekki geta uppfyllt fjárhagsleg eða fagleg ákvæði samningsins.

Tilkynningar, sem samningsaðilar þurfa að koma á framfæri við hvorn annan og varða samning þennan og teljast mikilvægar, skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum og tryggilegum hætti.

9.3 Verndun upplýsinga

Verksali skal tryggja að öll meðferð upplýsinga sem aflað er við framkvæmd samnings þessa sé í samræmi við lög um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga nr. 77/2000.

10. Ábyrgð og tryggingar.

10.1 Ábyrgð verksala

Verksali ber ábyrgð á framkvæmd samnings þessa og tekur að sér að tryggja fullnægjandi starfsemi í sambandi við alla þá þjónustubætti sem samningurinn nær til. Jafnframt skuldbindur hann sig til að uppfylla öll þau skilyrði og kröfur sem gerðar eru til starfseminnar og samningurinn fjallar um og fara eftir þeim lögum, reglum og stöðlum sem við eiga um starfsemina.

Miðað er við að verksali annast fyrst og fremst sjálfur með eigin starfslíði skipulagningu, stjórnun, stefnumótun sem og sölu eigna en kaupir aðra þjónustu. Verksala er heimilt að ráða undirverktaka til að annast tiltekin verkefni við framkvæmd samnings þessa eða hluta þjónustunnar. Verksali ber ábyrgð á framkvæmd verka undirverktaka og aðstoðarfólks hans gagnvart verkkaupa.

10.2. Tryggingar verksala

Verksali skal sig á samningstímanum kaupa ábyrgðartryggingu gegn tjóni sem þriðji maður kann að verða fyrir af völdum starfsemi sem félagið hefur með höndum á svæðinu. Þessi skylda nær þó ekki til trygginga á fasteignum og metur verkkaupi sjálfur að hvaða marki hann kýs að kaupa bruna- eða húseigendatryggingu vegna eigna sinna á svæðinu. Stjórnendur félagsins skulu tryggðir starfsábyrgðartryggingu stjórnenda.

11. Eftirlit með framkvæmd samnings.

Verkkaupi, eða sá aðili sem hann tilnefnir, hefur með höndum faglegt eftirlit með störfum verksala og gæðum þjónustu hans samkvæmt samningi þessum. Hann hefur rétt til að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum um framkvæmd samnings þessa, fara í vettvangsskoðanir eða óska eftir óháðum úttektum á rekstri félagsins eða tilteknum rekstrarþáttum þess.

Verkkaupi getur á samningstímanum á grundvelli framangreindra upplýsinga, gagna eða úttekta á vegum eftirlitsaðila, beint því til verksala að við framkvæmd samningsins verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar koma fram og varðar framkvæmd samnings þessa og verkefna hans.

Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í samningi þessum. Í því sambandi er verksala skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

12. Hugverkaréttindi.

Allur réttur til skráa, gagna og hugverka sem til verða hjá verksala á samningstíma við veitingu þjónustunnar sem samningurinn tekur til, verður eign verkkaupa við samningslok.

13. Vanefndir og vanefndaúrræði.

Uppfylli verksali ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum getur verkkaupi birt verksala skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti.

Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samkvæmt kröfugerð innan tímafrests hefur verkkaupi heimild til að fresta greiðslu eða beita öðrum vanefndaúrræðum laga, þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef verksali vanefnir frekar samningsskyldur sínar getur verkkaupi rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi verkkaupi áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.

Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

14. Gildistaka, gildistími, endurnýjun og uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi þann 1. desember 2006 og skal þá verkkaupi taka við öllum réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum.

Samningurinn gildir til fjögurra ára en er uppsegjanlegur af beggja hálfu frá 1. desember 2009 með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Uppsögn skal vera skrifleg.

Tilkynningar sem samningsaðilar þurfa að beina hvor til annars samkvæmt samningi þessum skulu sendar skriflega. Skal hvor aðili um sig tilnefna formlegan tengilið sem beina má slíkum orðsendingum til með pósti, tölvupósti eða símbréfi.

Telji samningsaðili forsendur samningsins breytast getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu.

Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir lok gildistíma samnings hvort stefna skuli að endurnýjun hans. Áður en samningur er endurnýjaður skal fara fram úttekt á því hvernig til hafi tekist á samningstímanum, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjónustusamninga nr. 343/2006.

Reykjavík, 8. desember. 2006

F.h. stjórnar Þróunarfélags
Keflavíkurflugvallar ehf.

F.h. fjármálaráðuneytisins